

257. fundur hreppsnefndar 14. desember 2006

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariútröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún 2 blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökul Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Guðmundur Ólafsson, Rebekka Eiríksdóttir, Óskar Steingrímsson.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 256. funda hreppsnefndar frá 9. nóv. 2006. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar frá 13. des. 2006. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Bréf frá Ólafi Gíslasyni varðandi Bjarg (Jakobshús) í Flatey með beiðni um að gefinn verði út lóðarleigusamningur fyrir lóð Bjargs og leigusamningur um húsið frá 31. ágúst 1996 verði felldur úr gildi. Málinu frestað og sveitarstjóra falið að vinna í málinu.
2. Ráðningarsamningur við sveitarstjóra. Samþykktur.
3. Samningur milli KSÍ og Reykhólahrepps um byggingu sparkvallar. Nánari upplýsingar svo sem teikningar og kostnaðaráætlun er að finna á: www.ksi.is/mannvirki/sparkvellir Ákveðið að athuga með heppilega staðsetningu og málinu vísað til fjárhagsáætlunar.
4. Bréf frá Ásu Stefánsdóttur f.h. Kvennakórsins Litlu flugurnar (áður Samkór Reykhólahrepps) með beiðni um fjárstyrk til handa kórnum. Málinu vísað til fjárhagsáætlunar.
5. Bréf frá Félagi eldri borgara Dala- og Reykhóla með beiðni um fjárframlag að upphæð kr. 50.000 á árinu 2007 til starfsemi félagsins. Málinu vísað til fjárhagsáætlunar.
6. Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016, bréf frá Landmótun með beiðni um umsögn Reykhólahrepps með tilvísun í skipulagsreglugerð, kafla 3.2. Hreppsnefnd Reykhólahrepps gerir engar athugasemdir við skipulagstillögur sem liggja fyrir fundinum.
7. Hugmynd um ráðningu sjúkráþjálfara fyrir Barmahlíð, Silfurtún og Fellsenda. Bréf frá Pétri Jónssyni Heilsugæslustöð Búðardals. Samþykkt að taka þátt í ráðningu sjúkráþjálfara í eitt ár til reynslu.
8. Bréf frá Sambandi breiðfirska kvenna með beiðni um styrk. Erindinu vísað til fjárhagsáætlunar.

Önnur mál:

Önnur mál löglega upp borin, ef einhver.

1. Vinna við fjárhagsáætlun. Vinna við fjárhagsáætlun er í gangi. Ákveðið að athuga með nýtt áætlunarforrit. Vinnufundir áætlaðir í byrjun janúar n.k.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 18:30.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)